

Alþingi
Erindi nr. P 132/102
komudagur 16.11.2005

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2005
ÁPS/KSG/057/05

Efni : Leiðir til einföldunar á lífeyrstryggingakerfi almannatrygginga

Á fundi nefndarinnar hinn 9. nóvember sl. var óskað eftir minnisblaði frá Tryggingastofnun ríkisins um mögulegar leiðir til einföldunar á lífeyrstryggingakerfi almannatrygginga. Hér á eftir eru nefndar nokkrar leiðir í því sambandi, þó ekki tæmandi.

Tekjutengingar í kerfinu eru almennt orðnar of flóknar. Hér má nefna að frítekjumörk eru mismunandi, skerðingarhlutfall er ekki alltaf hið sama hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, greiðslur bóta eru ýmist háðar tekjum maka eða ekki, ákveðnar tekjutegundir skerða suma bótaflokka og ekki aðra og sömu tekjur hafa mismunandi vægi eftir því um hvaða bótaflokka er að ræða.


Örorkulífeyrir er greiddur frá 16 ára aldri en sjálfræðisaldur á Íslandi er 18 ár. Umönnunargreiðslur eru greiddar til 18 ára aldurs þannig að á þessu tveggja ára aldursbili getur verið um tvönn konar bætur að ræða sem þó fara ekki saman.

Heimilisuppbót skv. 9. gr. laga um félagslega aðstoð og hærri tekjutryggingarauki skv. 9. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar eru tveir bótaflokkar sem auðveldlega má sameina í einn. Hér gilda nánast sömu skilyrði fyrir greiðslu bóta. Þá er það athyglisvert að greiðslur tekjutryggingarauka samkvæmt almannatryggingalögum eru samkvæmt orðanna hljóðan háðar greiðslum heimilisuppbótar samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, sem eru heimildargreiðslur.

Samkvæmt 15. gr. almannatryggingalaga greiðist aldurstengd örorkuuppbót þeim sem fá greiddan örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Samkvæmt sama ákvæði er uppbótin tekjutengd en skerðing hennar hefst þó ekki fyrr en við það tekjumark sem greiðslur grunnlífeyris falla niður. Það er því óþarft að tekjutengja bótaflokkinn þar sem ekki er fyrir hendi réttur til greiðslu uppbótarinnar eftir að grunnlífeyrir er fallinn.

Hreyfihamlaðir einstaklingar geta fengið greiddar uppbætur á lífeyri vegna bifreiðakostnaðar, sbr. 11. gr. laga um félagslega aðstoð. Það yrði til mikillar einföldunar að greiða hreyfihömluðum uppbót vegna sinnar hreyfihömlunar en binda uppbótina ekki við bifreiðakostnað. Fjölmargir hreyfihamlaðir einstaklingar njóta ekki þessarar uppbótar þar sem þeir eiga ekki bifreið.

Virðingarfyllst,



Karl Steinar Guðnason, forstjóri

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

